

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Garðabær, 17. maí 2022
Málsnúmer: 202205-0002
SS

Efni: Umsögn um leyfi til rannsókna og nytja á stórpara í Breiðafirði.

Vísað er til tölvubréfs frá Matvælaráðuneytinu, dags. 2. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Asco Harvester ehf. um leyfi til rannsókna og nytja á stórpara (*Laminaria hyperborea* og *Laminaria digitata*) við sunnanverðan Breiðafjörð.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér umsögnina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Fyrirtækið Asco Harvester ehf. hyggst hefja nýtingu á stórpara í Breiðafirði. Vaxandi áhugi er á nýtingu á stórpara við Ísland en lítil reynsla er af slíkri nýtingu hérlendis í samanburði við á t.d. þangtegundum. Þar af leiðandi er viss skortur á staðbundinni grundvallarþekkingu sem nauðsynlegt er að sé til staðar til að tryggja að slík nýting fari fram á sjálfbæran hátt og að henni fylgi ekki óæskileg umhverfisáhrif.

Breiðafjörður er verndarsvæði skv. sérlögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er m.a. að stuðla að verndun lífríkis í Breiðafirði og ná ákvæði laganna til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Þar af leiðandi ná ákvæðin ekki að fullu yfir þau þaratökusvæði sem áætlað er að fara í sbr. umsókn Asco Harvester ehf. Það breytir því ekki að Breiðafjörður er svæði þar sem lífríki er mjög auðugt og er lykilbúsvæði fyrir fjölmargar lífverutegundir. Breiðafjörður er m.a. skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (Important Bird Area), bæði fyrir sjófuglabýggðir (<https://www.ni.is/node/16066>) og fjöru- og grunnsævisvæði (<https://www.ni.is/greinar/breidafjordur-fg>), og Náttúrufræðistofnun Íslands hefur tilnefnt Breiðafjörð (og þá stærra svæði en lögin um vernd Breiðafjarðar ná yfir) fyrir B-hluta náttúruminjasrár vegna mikilvægi svæðisins fyrir verndun fjöruvistgerða, fugla og sela á landsvísu (<https://www.ni.is/node/21572>). Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf því að fara sérstaklega varlega þegar kemur að því að leyfa nytjar á nýjum nytjastofnum á svæðinu.

Því ætti að mati Náttúrufræðistofnunar að vera grunnforsenda fyrir veitingu leyfis að farið sé í nauðsynlegar rannsóknir með það að markmiði að kortleggja umfang og útbreiðslu stórpara, að leggja mat á virkni og hlutverk stórparans í vistkerfi Breiðafjarðar m.a. sem undirstöðutegund í fæðuvef og búsvæði fyrir fjölmargar aðrar tegundir og síðast en ekki síst að skilgreina og meta umhverfisáhrif nýtingarinnar.

Þekkingu um eðli og mikilvægi þaraskóga er ábótavant hérlendis og því mikil þörf á að efla rannsóknir á þeim óháð því hvort veitt sé leyfi fyrir nýtingu á þara eða ekki. Slík grunnþekking er undirstaða þess að geta lagt mat á áhrif nýtingar. Náttúrufræðistofnun telur að fara ætti í skipulagt og fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum nýtingar, bæði á stórparann sjálfan m.t.t.



endurnýjunar lífmassa en ekki síður óbein áhrif á það lífríki sem nýtir þaraskóginn sem búsvæði þ.m.t. fiskar, sjávarhryggleysingar, aðrir þörungar o.fl. Einnig þarf að leggja mat á óbein áhrif af framkvæmd þaratökunnar á t.d. fugla, seli og hvali en framkvæmdinni getur fylgt truflun og mögulega slyshætta. Mjög mikilvægt er að farið sé í athuganir á þessu og skoða ætti reynslu erlendis frá og niðurstöður rannsókna á umhverfisáhrifum þaratökunnar.

Í Skotlandi er umtalsverð reynsla af því að meta umhverfisáhrif þaratöku en þar var gefin út skýrsla árið 2016 um umhverfisáhrif þara- og þangnýtingar:

(<https://www.gov.scot/publications/wild-seaweed-harvesting-strategic-environmental-assessment-environmental-report/documents/>). Þar kemur fram umfjöllun um ýmis neikvæð áhrif þess ef nýting er úr hófi fram m.a. eyðing mikilvægra búsvæða þ.m.t. uppeldisstöðvar fiska og sjávarhryggleysingja sem sumir teljast til nytjastofna, samdráttur í náttúrulegu hlutverki þaraskóga sem öldubrjótar og aukning strandrofs og samdráttur í kolefnisbindingu en hlutverk þaraskóga í því samhengi er mjög vanmetið og lítið rætt hér á landi.

Rannsóknir frá Noregi hafa sýnt að þarataka hefur áhrif á t.d. fæðuöflun fugla og þéttleika fiska sem nýta sér þaraskóginn sem búsvæði (Lorensen o.fl. 2010. Biological Conservation, 143, 2054-2062). Því er ljóst að til mikils er að vinna að kanna mjög vandlega hver áhrif af ósjálfbærri nýtingu geta verið og mikilvægi þess að víðtæk áhrif á vistkerfið í heild sinni og ýmsa aðra þætti eru nauðsynlegir, ekki einungis að fylgst sé með endurnýjun þarans.

Í umsögninni kemur fram í lokin að vilji sé hjá umsóknaraðila að vinna með sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar og öðrum við að meta áhrif þaratökunnar á lífríki og sjálfbærni. Náttúrufræðistofnun telur að ekki einungis eigi að fylgja þeim vilja eftir heldur setja skýra kröfu um slíkt áhrifamat og að því sé lokið áður en fullar heimildir fyrir nýtingu af því magni sem óskað er eftir séu veittar.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

